

110

12. des.

Stjórn sjóðsins ber að færa bækur yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skal þar í færa ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

10. gr.

Halda skal stjórnin gerðabók, og skal í hana færa skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá yfir umsóknir og styrkveitingar.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Henni má aldrei breyta, nema að því leyti, sem óhjákvæmilegt kann að verða, ef einhver af ráðum þeim eða stofnunum, sem nefnd eru í skipulagsskrá þessari, verða lögð niður. Ákveður þá yfirstjórn kennslumála á Íslandi, að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar, hver koma skuli í stað þess ráðs eða stofnunar, sem lagt hefir verið niður

Reykjavík, 10. desember 1935.

Skiptaforstjórnir í dánarbúi Brynjólfs H. Bjarnasonar kaupmanns.

Ágúst H. Bjarnason. Magnús Sigurðsson.

Jón Ásbjörnsson.

111

18. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur frá Egilsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum þann 18. desember 1935 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur, Egilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafar Bjarnadóttur“ og er stofnaður á 100 ára afmælisdegi hennar, 1. nóvember 1934, af barnabörnum hennar. Er stofnfé sjóðsins kr. 1000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og hjálpa sjúku og fátæku fólki í Vallahreppi, er ekki þiggur af sveit.

3. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af forstöðukonu húsmæðraskólans á Hallormsstað, og er hún formaður sjóðstjórnar, forstöðukonu kvenfélags Vallahrepps og odd-

vita Vallahrepps. Gangi einhver þessara aðila frá, er sóknarprestur Vallanes-sóknar varamaður í stjórn sjóðsins.

111
18. des.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórninni ber ennfremur að halda gerðabók og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

5. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins hafa á hendi tveir menn, sem kosnir eru af hreppsnefnd Vallahrepps ár hvert. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á tryggum stað í sparisjóði eða banka í Austfirðinga-fjórðungi. Vextir sjóðsins og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefir náð þeirri upphæð, að ársvextir hans nema 150 krónum.

Má stjórn sjóðsins þá úthluta 100 krónum til tveggja sjúkra eða fátækra gamalmenna, sem ekki þiggja af sveit, og búsett eru í Vallahreppi. Eftir það úthlutar stjórn sjóðsins vöxtunum, en ætíð skal leggjast við höfuðstólinn minnst 50 krónur af ársvöxtunum og aldrei úthluta einstaklingi minna en 50 krónur.

7. gr.

Á 50 ára fresti má þáverandi stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá hans, í samræmi við breytta tíma, en ætíð skal hann bera nafn Ólafar Bjarnadóttur og styrkja líknarstarfsemi, sem líkasta þeirri, sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, enda fáist á þeirri breytingu konungleg staðfesting.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.